

Ed. **437. Frumvarp til laga** [212. mál]
um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1963 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með ákvæðum frumvarps þessa er gert ráð fyrir, að hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af fyrir lamaða og fatlaða á árinu 1963, verði 150. Er þetta sama hámarkstala og gildi árið 1962, sbr. lög nr. 79/1962.